

70 til að styrkja fátæka sjúklinga úr Suðuramtinu, sem ekki þiggja af sveit, en  $\frac{1}{4}$  partur sje lagður við höfuðstólinn.

Amtsráðið ályktaði ennfremur, að endurskoðun og úrskurðun reikningsins yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðsins fyrir 1907, og reikningsins yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs verðugra og þurfandi þjóðjarðalandseta og ekkna þeirra í Suðuramtinu fyrir 1907 skyldi falin amtsráðsmönnum úr Rangárvallasýslu og Árnessýslu.

17. Amtsráðið ályktaði, að greiða mætti úr jafnaðarsjóði 30 kr. fyrir skriftir á amtsráðsfundinum.

Fleiri mál komu ekki til umræðu og var svo fundi slitið.

J. Havsteen. Guðm. Helgason. Þórður Guðmundsson. Ágúst Jónsson.  
Jón Einarsson. Skúli Skúlason. Valdimar Briem.

Amtsráð Suðuramtsins, Reykjavík 16. septbr. 1905.

*J. Havsteen.*

71

## Útskrift

úr gjörðabók Vesturamtsins 1907.

Ár 1907, mánudaginn hinn 27. dag maímánaðar átti amtsráð Vesturamtsins fund með sjer í Stykkishólmi. Auk forseta ráðsins, Lárusar sýslumanns H. Bjarnasons, sóttu eftirfarandi amtsráðsmenn fundinn: Ásgeir bóndi Bjarnason úr Mýrasýslu, Sæmundur kaupmaður Halldórsson úr Snæfellsness- og Hnappadalsýslu, Björn sýslumaður Bjarnarson úr Dalasýslu, síra Sigurður Jensson úr Austurbarðastrandarsýslu, síra Þorvaldur Jakobsson úr Vesturbarðastrandarsýslu og síra Páll Stephensen úr Norðurisafjarðarsýslu. Úr Vesturisafjarðarsýslu og Stranda-sýslu mætti enginn og forföll ekki boðuð.

1. Forseti lagði fram eftirfarandi reikninga fyrir 1906:

- a. jafnaðarsjóðsreikning
- b. búnaðarsjóðsreikning
- c. búnaðarskólasjóðsreikning og
- d. amtsbókasafnsreikning.

Amtsráðsmennirnir skiftu reikningunum milli sín til endurskoðunar, en fundu ekkert athugasvert, enda voru reikningarnir úrskurðaðir rjettir án athugasemda.

2. Amtsráðið staðfesti í einu hljóði bráðabyrgðarniðurjöfnun forseta á 2600 kr. gjaldi til jafnaðarsjóðs í ár.

3. Framlagðar voru gjörðir aukafunda sýslunefndanna í eftirfarandi sýslum 1906: **71**
- úr Mýrasýslu.
  - úr Snæfellsness- og Hnappadalssýslu
  - úr Austurbarðastrandarsýslu
  - úr Vesturbarðastrandarsýslu
  - úr Vesturísafjarðarsýslu og
  - úr Norðurísafjarðarsýslu.

Amtsráðið fann ekkert að fundargjörðum þessum.

- Framlagt brjef sýslumannsins í Barðastrandarsýslu, dags. 16. febr. 1907 um úrskurð á einu atriði í sýslusjóðsreikningnum 1905. Amtsráðsmanninum úr Vesturbarðastrandarsýslu var falið sem kunnugum manni að athuga nefnt atriði, sem ókunnugum þótti ófært að ráða fram úr vegna óljósra upplýsinga.
- Fram var lagt brjef stjórnarráðsins, dags. 19. júlí 1906, um veitingu á styrk úr gullbrúðkaupssjóði Bjarna amtmanns Þorsteinssonar og frú Þórunnar Hannesdóttur árin 1906, 1907 og 1908.
- Fram var lagt brjef sýslumannsins í Dalasýslu, dags. 4. þ. m., og ýms skjöl því fylgjandi viðvikjandi útsvarskæru Helga Guðmundssonar á Ketilsstöðum. Þar sem upplýsingar þessar bárust amtráðinu rjett fyrir fund, var forseta endurfalið að úrskurða kærana.
- Fram var lagt brjef sýslumannsins í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, dags. 24. þ. m., um það, að sýslunefndin taki ein við amtsbókasafninu, svo og 2 brjef frá bókaverði um ýms atriði áhrærandi bókasafnið.

Amtsráðið fal stjórnarnefnd safnsins að afhenda sýslunefndinni safnið um næstu áramót og ákvað að verja mætti alt að 400 kr., þar af alt að 150 kr. sem ritlaun, til þess að búa til skrá um bækur þær, er bætst hafa safninu síðan er síðasta skrá var samin, að brúka mætti alt að 25 kr. til að flytja bókaskápana frá útiveggjunum og að bókavörður skyldi njóta 50 kr. launahækkunar í ár.

- Fram voru lagðar skýrslur um hag alþýðustyrktarsjóðanna 1906 í Mýrasýslu, Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, Barðastrandarsýslu og Strandarsýslu og forseta jafnframt falið að ganga eftir hinum vantandi skýrslum og að úrskurða þær þá er þær kæmu.
- Sýslumaðurinn í Mýrasýslu og sýslumaðurinn í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu höfðu farið fram á það í nafni sýslunefnda sinna, að hækka mætti sýslugjaldið í ár, um 1 kr. fyrir hvern verkfæran mann í Mýrasýslu og um 75 aura í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.

Amtsráðið samþykkti það.

- Forseti gat þess, að sjóðurinn »Þorvaldarminning« hefði átt 5928 kr. 08 a. í Söfnunarsjóði um síðastliðin áramót.

Amtsráðið býst við, að skipað verði fyrir um stjórn sjóðs þessa og afskifti amtsráðsins af öðrum sjóðum með konunglegri tilskipan samkvæmt 84. gr. sveitarstjórnarlaganna frá 10. nóv. 1905.

- Amtsráðið leggur til, að leitað verði ráða hjá fulltrúum, er allar sýslunefndir

71

í amtinu ættu að kjósa, um þau atriði viðvikjandi stofnun kvennaskóla á Vesturlandi af sjóði »Minningar Herðisar og Ingileifar Benediktsen«, sem gjafabréf frá Herðisar Benediktsen ætlaði amtsráðinu afskifti af.

Jafnframt lýsti amtsráðið því yfir með 4 atkv. gegn 3, að það teldi Stykkishólm eftir því sem nú horfðist líklegast skólastæði.

12. Forseti gat þess, að amtsráðið hefði samkvæmt skýrslu gjaldkera landssjóðs skuldað viðlagasjóði um síðastliðin áramót 5154 kr. 49 aura af lánnum þeim, er tekin voru á sínum tíma til æðarvarpsræktar samkvæmt lögum 4. desbr. 1886.

Amtsráðið væntir þess, að stjórnarráðið taki á sínum tíma samkvæmt 84. gr. sveitarstjórnarlaganna við afskiftum amtsráðsins af borgun lána þessara.

13. Fram var lögð kæra Jóns verzlunarstjóra Egilsen, dags. í dag, útaf útsvari, sem lagt hafði verið á hann síðastliðið haust í Hörðudalshreppi og úrskurðað hafði verið af sýslunefndinni í Dalasýslu á aðalfundi 1. þ. m.

Amtsráðið vísaði kærinni frá sem sjer óviðkomandi, enda vantaði allar upplýsingar, þar á meðal kæru til hreppsnefndar og sýslunefndar og umsögn beggja nefnda.

14. Fram voru lagðar tillögur allra sýslunefnda um ráðstöfun á eignum og skuldum amtsráðsins.

Tvær sýslunefndir höfðu lagt til, að leggja allar eignir ráðsins óskertar til væntanlegs búnaðarfjelags fyrir Vesturland og að skifta skuldunum upp á milli sýslanna; 5 sýslunefndir höfðu lagt til, að borga fyrst skuldirnar af eignum amtsins og að leggja síðan afganginn til eins eða tveggja búnaðarfjelaga á amtssvæðinu, og ein sýslunefnd hafði farið fram á, að eignar-afgangnum yrði skift milli sýslanna.

Amtsráðið ákvað, að borga skyldi skuldir amtsins af eignum þess, að skifta skyldi afganginum upp á milli sýslanna eftir meðaltali fasteigna- og lausafjórðunda og verkfærra manna í sýslufjelagi hverju síðastliðin 5 ár. Meðal eignanna eru nokkrar smásjár.

Jafnframt fól amtsráðið forseta sínum, að segja upp lánnum búnaðarsjóðs og búnaðarskólaskjóðs og að ganga eftir lánunum, að borga skuldir ráðsins og að skifta eignaafganginum milli sýslanna eins og tekið er fram að ofan.

Loks fal amtsráðið forseta, að ráða innheimtumann þar sem þess kynni að þurfa og veitti forseta jafnframt 300 kr. þóknun auk forsetalaunanna fyrir það ómak, sem leiðir af uppgjörð amtsbúsins.

15. Amtsráðið ákvað útaf nýjum upplýsingum amtsráðsmannsins úr Vesturbarðastrandarsýslu, að sú 2 kr. 70 aura ábyrgð, er ráðið hafði gjört sýslumanninum í Barðastrandarsýslu útaf spítalareikninginum 1905, mætti eftir atvikum falla niður.
16. Amtsráðið fal forseta sínum, að ganga eftir fullnustuúrskurðum amtsráðsins frá síðasta aðalfundi á sýslureikningunum 1905.

## 17. Loks setti amtsráðið svolátandi

71

ÁÆTLUN  
fyrir 1907.

## Tekjur:

|                                    |     |         |
|------------------------------------|-----|---------|
| 1. Eftirstöðvar frá 1906 . . . . . | kr. | 1811 60 |
| 2. Jafnaðarsjóðsgjald . . . . .    | —   | 2600 00 |
|                                    | kr. | 4411 60 |

## Gjöld:

|  |     |         |
|--|-----|---------|
| 1. Til amtsráðsins, þar í laun og þóknun forseta . . . . .                                   | kr. | 1600 00 |
| 2. — dýralæknis samkvæmt lögum 2. okt. 1891, 3. gr. . . . .                                  | —   | 100 00  |
| 3. — amtsbókasafnsins . . . . .  | —   | 400 00  |
| 4. — afborgunar og vaxta af bankaláni 14. nóv. 1896, afborgun 600 kr. vextir 270 kr. . . . . | kr. | 870 00  |
| af bankaláni 30. júlí 1900, afborgun 500 kr. vextil 75 kr. . . . .                           | —   | 575 00  |
|  |     | 1445 00 |
| 5. Tekjuafgangur . . . . .   | —   | 866 60  |
|  | kr. | 4411 60 |

18. Loks ákvað amtsráðið að prenta skyldi með væntanlegu samþykki landsstjórnarinnar alla reikninga ráðsins fyrir 1907 og skýrslu um skifti á amtsbúinu í B deild Stjórnartíðindanna.

Loks veitti amtsráðið 25 kr. fyrir skriftir og 12 kr. fyrir húsaleigu. Fundarbók lesin og samþykkt.

## Fundi slitið.

Lárus H. Bjarnason. Björn Bjarnarson. Sigurður Jensson. Sæm. Halldórsson.  
Páll Stephensen. Ásgeir Bjarnason. Þorvaldur Jakobsson.

Rjetta útskrift staðfestir:

*Lárus H. Bjarnason.*